

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 23. júní 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-36/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 30. maí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á sjónvarpi hjá fyrirtækinu Y. Álitsbeiðandi segir sjónvarpið vera gallað og eru kröfur hans þær að fá endurgreiðslu kaupverðsins eða nýtt sjónvarp afhent.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 4. júní sl., og frest til að skila þeim til 16. júní. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 19. júní sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt sjónvarpið 11. október 2006 fyrir kr. 94.905. Samkvæmt reikningi fyrir kaupunum er sjónvarpið af gerðinni A. Álitsbeiðandi segir bilun hafi frá upphafi gert vart við sig í sjónvarpinu. Seljandi hafi þrívægis reynt að gera við sjónvarpið og viðgerðin misheppnast í öll skiptin. Fyrsta skiptið hafi verið 29. nóvember 2007, þá hafi sjónvarpið verið með bláskjá. Álitsbeiðandi segir þá viðgerð ekki hafa tekist. Skipt hafi verið um móðurborð sjónvarpsins 18. janúar 2008 og hafi sjónvarpið virkað verr eftir þá viðgerð og enn verið með bláskjá. Þá hafi aftur verið skipt um móðurborð í sjónvarpinu, en álitsbeiðandi tilgreinir ekki hvenær það var gert. Álitsbeiðandi segist hafa farið með sjónvarpið til seljanda 1. febrúar 2008, þ.e. í fjórða skiptið, og hafi seljandi mælt með því að skipt yrði um móðurborðið. Þá kveðst álitsbeiðandi hafa farið fram á það að fá kaupverðið endurgreitt eða nýtt sams konar sjónvarp en hvorutveggja hafi seljandi hafnað. Seljandi hafi þess í stað krafist þess að fá að reyna að gera við sjónvarpið einu sinni enn. Seljandi hafi boðið sér nýtt sjónvarp af sömu tegund en af nýrri gerð gegn greiðslu á kr. 19.500, en eldri gerðin hafi ekki lengur verið í boði. Við þetta kveðst álitsbeiðandi ekki hafa verið sáttur og hafnað tilboðinu. Álitsbeiðandi segir að verð á nýju gerð sjónvarpsins sé kr. 79.000 en hann hafi keypt sitt sjónvarp á kr. 95.000.

Álitsbeiðandi kveðst fremur vilja fá kaupverðið endurgreitt en að fá nýtt sjónvarp eigi hann rétt til þess.

Álitsbeiðandi hefur lagt fram handritað vottorð starfsmanns Y um að sjónvarpið hafi verið til viðgerðar 29. nóvember 2007 og 18. janúar og 1. febrúar 2008.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Kærunefndin telur að á gögnum málsins megi byggja það að sjónvarp álitsbeiðanda hafi verið haldið göllum, sbr. 1. mgr. og a til b-lið 2. mgr. 15. gr. og a-lið 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003. Seljandi hefur ekki skilað andsvörum sem honum var gefinn kostur á og þannig ekki mótmælt lýsingu seljanda.

Þegar um galla á söluhlut er að ræða getur neytandi samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 48/2003 valið á milli þess að krefja seljanda um úrbætur á galla á kostnað seljanda eða fá nýjan hlut afhentan. Álitsbeiðandi hefur skýrt kröfugerð sína þannig að hann vilji fremur fá kaupverðið endurgreitt en nýtt sjónvarp.

Kærunefndin telur rétt að taka fram vegna lýsingar álitsbeiðanda á þeirri afstöðu seljanda að vilja reyna í fjórða skiptið að gera við sjónvarpið að samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 48/2003 á seljandi ekki rétt á að bæta úr sama galla eða afhenda nýjan söluhlut vegna sama galla oftast en tvisvar sinnum nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi sem réttlæta frekari úrbætur eða afhendingu. Kærunefndin telur að slíkar aðstæður séu ekki fyrir hendi í þessu máli og seljandi eigi því ekki lengur úrbótarétt samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 48/2003.

Krafa álitsbeiðanda um endurgreiðslu kaupverðs sjónvarpsins er í raun krafa um riftun á kaupunum. Í 16. gr. laga nr. 48/2003 er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. í 1. mgr. að reynist söluhlutur gallaður, og sé gallinn hvorki sök neytanda né stafi af aðstæðum sem hann varði, geti hann samkvæmt d-lið málsgreinarinnar krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr. laganna. Í 32. gr. er efnislega kveðið á um það að til þess að riftun kaupa sé heimil verði galli á söluhlut að vera verulegur. Kærunefndin álitur að samkvæmt lýsingu álitsbeiðanda, sem á sér stoð í gögnum málsins, að sjónvarpið sem hann keypti hafi verið haldið verulegum göllum og því sé honum heimil riftun kaupanna.

Samkvæmt 1. mgr. 50. gr. laga nr. 48/2003 á neytandi, þegar kaupum er rift, að greiða seljanda hæfilegt endurgjald fyrir veruleg not sem hann hefur haft af söluhlutnum. Í því tilviki sem hér um ræðir sýnast not álitsbeiðanda af sjónvarpinu hafa verið með þeim hætti að ekki sé hægt að telja að þau hafi verið veruleg. Því er það álit kærunefndarinnar að álitsbeiðanda sé ekki skylt að greiða seljanda fyrir not af sjónvarpinu.

Riftunin hefur það í för með sér að seljanda er skylt að endurgreiða kaupverðið að fullu enda ekkert komið fram um það að seljandi geti ekki skilað honum sjónvarpinu að öllu verulegu leyti í sama ástandi og það var við afhendingu að göllunum frátöldum sem álitsbeiðandi segir þó fljótlega hafa komið í ljós.

Samkvæmt 1. mgr. 50. gr. laga nr. 48/2003 á seljandi, sem er skylt að endurgreiða kaupverð söluhlutar, að greiða vexti af kaupverðinu í samræmi við ákvæði vaxtalaga nr. 38/2001 frá þeim degi er neytandi tilkynnti seljanda að hann myndi bera fyrir sig gallann. Kærunefndin álitur að það tímamark hafi verið 1. febrúar 2008 þegar álitsbeiðandi hafnaði því að seljandi reyndi viðgerð í fjórða skiptið en fór fram á endurgreiðslu eða

afhendingu nýs sjónvarps. Álit kærunefndarinnar er því það að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda kaupverð sjónvarpsins, kr. 94.905, með vöxtum samkvæmt vaxtalögum frá 1. febrúar 2008 til greiðsludags.

V

Álitsorð

Seljanda, Y, ber að greiða álitsbeiðanda, X, kr. 94.905 með vöxtum samkvæmt ákvæðum vaxtalaga frá 1. febrúar 2008 til greiðsludags.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir